

Skipulagsfulltrúi

Reykjavíkurborg

Borgatúni 12-14
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 14. desember 2015
UST201511-114/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að hverfisskipulagi Háteigshverfis, Hlíðahverfis og Öskjuhlíðarhverfis í Reykjavík.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkur er barst 16. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að hverfisskipulagi Háteigshverfis, Hlíðahverfis og Öskjuhlíðarhverfis í Reykjavík.

Háteigshverfi og Hlíðarhverfi

Samgöngur

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um að endurhanna götur í hverfinu með það að markmiði að draga úr hraða og gera þær fallegri. Einnig tekur stofnunin undir áherslur sem lagðar eru á hjólandi umferð og strætó og að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Öskjuhlíðarhverfi

Samgöngur

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um að endurhanna götur í hverfinu með það að markmiði að draga úr hraða og gera þær fallegri. Einnig tekur stofnunin undir áherslur sem lagðar eru á hjólandi umferð og strætó og að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.


Verndarsvæði


Í lýsingu kemur fram að Öskjuhlíð er á náttúruminjaskrá og hverfisvernduð og Fossvogsbakkar eru friðlýstir og að tekið verði tillit til sérstöðu þessara svæða varðandi jarðfræði, gróður og landslag við Skipulag hverfisins. Umhverfisstofnun tekur undir þetta og bendir á að Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1999. Á svæðinu er að finna fágætar jarðminjar í jarðsögu Reykjavíkur og landsins alls, Fossvogslögin, og felst verndargildi svæðisins í verndun þeirra. Náttúruvætti eru náttúrumyndanir sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Markmiðið með friðlýsingu Fossvogsbakka er verndun fágætra jarðminja svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir því á að varðveita skal jarðminjar svæðisins í núverandi mynd.
Náttúruvættið tekur til 17,8 ha svæðis og eru hnit svæðisins að finna á heimasíðu
Umhverfisstofnunar.

Að mati Umhverfisstofnunar sýna ofangreindar lýsingar að stefnt er að þróun í átt til sjálfbærni með
gerð áætlaðra hverfaskipulaga. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um hverfaskipulög.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri